

Mjöll-Frigg ehf.
Norðurhelli 10
221 Hafnarfirði

Reykjavík, 4. júlí 2022
UST202005-192/P.J.Þ.
07.06.02

Niðurstaða eftirlits – CASP CORONA - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar þann 20.5.2021. Þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum vörunnar **Gerildehyðir Handspritt 85%**, sem fyrirtækið Mjöll-Frigg ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Óskað var eftir afriti af uppfærðum merkimiða í samræmi við skilyrði 20., 21. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP), staðfestingu á að bætt hafi verið úr fráviki vegna áþreifanlegrar viðvörunar á umbúðum, sbr. lið 3.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP) og uppfærðu öryggisblaði í samræmi við lið 1.1.3.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP). Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 27. janúar 2021 lokið.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með handsóttthreinsinum sem er tilgreindur hér að ofan og því aðeins gerðar athugasemdir við þá vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Mjöll-Frigg ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 77.600.

Virðingarfyllst,

Páll Jökull Þorsteinsson
Sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason
Teymisstjóri